

mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði hefur ekki áður sætt kærnum og refsingum, sem hér skipta máli.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 15.000, og komi varðhald í 3 daga í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbrandur Friðrik Steinþórsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 12. október 1979.

Nr. 183/1979. Ákærvaldið

gegn

Eyjólfi Erni Jóhannssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. þ. m., sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, upp-
kveðnum 6. september 1979, var varnaraðilja gert að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum. Úrskurði þessum var skot-

ið til Hæstaréttar, og var hann staðfestur með dómi Hæstaréttar 14. s. m.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar er á það fallist, að rannsóknarnauðsynjar bjóði, að varnaraðili sæti áfram gæsluvarðhaldi. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

5. október 1979.

Ár 1979, föstudaginn 5. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta að Hverfisgötu 113, Reykjavík, og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Aðfaranótt fimmtudagsins 6. sept. sl. var handtekinn á Sauðárkróki Eyjólfur Ö. Jóhannsson, fæddur 26. sept. 1954, og í beinu framhaldi þar af færður hér fyrir dóm til yfirheyrslu. Sömu nótt var leitað í íbúð að Fálkagötu 3 hér í borg, en gögnum samkvæmt dvaldist áðurgreindur Eyjólfur þar tíðum, þá er hann var hér á landi og í Reykjavík.

Við leit fundust þrjú filmuhylki, eitt með lítilræði af meintu marihuana, annað með fræjum, töldum sömu tegundar, og hið þriðja með meintum hassmulningi eða kornum.

Eyjólfur Ö. Jóhannsson ofangreindur var hér fyrir dómi og kl. 1550 fimmtudaginn 6. sept. úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum. Úrskurðurinn var kærður, en staðfestur föstudaginn 14. sept. sl. með dómi Hæstaréttar nr. 165/1979.

Meginástæður ofangreindra aðgerða voru framburðir tveggja aðilja, sem skömmu áður höfðu borið hjá lögreglu og hér fyrir dómi alvarlegar sakir á nefndan Eyjólf Jóhannsson og nánar svo:

I.

Sigurður Páll Sverrisson, fæddur 22. nóvember 1952: Bar að hafa nærri miðjum júní sl. tekið að selja marihuana fyrir Kristj-

án E. Gunnarsson og það leitt til allvíðtækra viðskipta næstu 3 vikur, er efni gengu til þurrðar. Þá hafi nefndur Kristján kynnt Sigurð Pál fyrir Eyjólfí Jóhannssyni í því skyni, að sams konar viðskipti mættu haldast síðarnefndra í milli. Hafi Eyjólfur Jóhannsson tekið að afhenda Sigurði Páli marihuanaefni til endursölu í síðustu viku júlímánaðar sl. og Eyjólfur samtals næstu 3 vikur í mörgum afhendingum látið Sigurði Páli í té 400—500 gr af marihuana. Sigurður Páll kvaðst snemma á nefndu viðviðskiptatímabili í förum Eyjólfss Jóhannssonar hafa séð tvo plastpoka með marihuana og samtals um 1 kg. Nefndur Sigurður Páll taldi sig einnig vita og rökstuddi, að þau efni, er hann áður mót-tók frá Kristjáni E. Gunnarssyni, væru einnig frá Eyjólfí Jóhannssyni komin í hendur Kristjáni.

II.

Kristján E. Gunnarsson, fæddur 27. ágúst 1954: Bar að hafa nærri sl. jólum kynnst Eyjólfí Jóhannssyni að frumkvæði hins síðarnefnda og sá þá þegar boðið Kristjáni ofangreindum að dreifa fíkniefnum gegn sölubóknun. Kvaðst nefndur Kristján í förum Eyjólfss á þeirra fyrsta fundi hafa séð um 8 gr af amfetamíndufti og nokkrar töflur af Dexedrin svonefndu, sem mun vera söluheiti lyfjaframleiðanda á amfetamín blönduðum töflum.

Samist hafi um dreifisamvinnu á marihuanaefnum hér á landi og hafi Eyjólfur í lok febrúar eða byrjun mars sl. og þá nýkominn frá Bandaríkjunum tekið að afhenda Kristjáni Gunnarssyni marihuanaefni til endursölu og samtals næstu vikur mjög nærri 800 gr.

Þá hafi Eyjólfur Jóhannsson haldið á ný til Bandaríkjanna, en komið aftur hingað til lands nærri mánaðamótum apríl/maí sl. Á næstu 3—5 vikum hafi margnefndur Eyjólfur samtals afhent Kristjáni Gunnarssyni mjög nærri 1.500 gr af marihuanaefnum til endursölu.

Nefndur Kristján kvaðst skömmu fyrir 15. júlí sl., er hann var á förum til Bandaríkjanna, hafa kynnt fyrir Eyjólfí Jóhannssyni áðurgreindan Sigurð Pál í því skyni, að sá síðarnefndi héldi áfram söluhlutverki Kristjáns Gunnarssonar gagnvart Eyjólfí Jóhannssyni, enda síðastnefndur um þær mundir talið sig eiga von á 2 kg af marihuana frá Bandaríkjunum.

Margnefndur Kristján kvaðst eftir sína heimkomu hingað til lands 27. ágúst sl. hafa frétt frá Sigurði Páli og Eyjólfí Jóhannssyni hvorum í sínu lagi, að Eyjólfur hefði í fjarveru Kristjáns

samtals afhent Sigurði Páli 300—400 gr af marihuana, en Eyjólfur talið sig í Bandaríkjunum hafa keypt 5 pund af greindri efnis- tegund. Þá kvaðst Kristján Gunnarsson við nefnt tækifæri eða fyrstu helgi í sept. sl. enn hafa hjá Eyjólfí Jóhannssyni fengið 200 gr af marihuana til viðbótar gegn gjaldfresti.

Kristján Gunnarsson tilgreindi sérstaklega að hafa tvívegis lagt hluta söluandvirðis marihuanaefna ofangreindra á ávísana- reikninga Eyjólfis Jóhannssonar.

Margnefndur Kristján var úrskurðaður í gæsluvarðhald 5. sept. sl., en bætti við ofangreint hér fyrir dómi þann 20. sept. sl. tveim meintum sakaratriðum Eyjólf Jóhannsson varðandi:

- 1) Nærri sl. jólum af honum keypt 4 eða 5 gr örsmáar LSD töflur, bláar að lit.
- 2) Í mars sl. af Eyjólfí keypt pappírsmæmu með 7 ferningum af LSD, nefnt Green Dragon.

Gry Ek Gunnarsson, eiginkona Kristjáns Gunnarssonar, lýsti sjálfstætt í lögregluvirðisrslum að hafa vitað til ítrekaðra af- hendinga Eyjólfis Jóhannssonar á fíkniefnum til Kristjáns Gunn- arssonar sl. vetur og vor, en taldi sig ekki vita um magn í því sambandi.

Vegna ofangreindra fullyrðinga Kristjáns Gunnarssonar um innlagnir fjármuna á nafn Eyjólfis Jóhannssonar og enn fremur tíðra ferðalaga hins síðarnefnda, miðað við útskýrðan fjárhag, beindist rannsókn að meintri fjármunaveltu Eyjólfis Jóhannsson- ar og nánar ávísanareikningi no. 13671 við Landsbanka Íslands, Vegamótaútbú, og hins vegar no. 407 við Samvinnubanka, útibú á Sauðárkróki.

Könnun nefndra ávísanareikninga hefur reynst tímafrek, og bærust síðustu innborgunarkvittanir þá varðandi ekki dómara í hendur fyrr en sl. mánudag, þótt fyrir milligöngu réttargæslu- manns væri.

Nefndum kvittunum samkvæmt hefur Kristján Gunnarsson þann 29. maí sl. lagt kr. 300.000 inn á ofangreindan reikning no. 407 og þann 20. júní sl. kr. 160.000 inn á ofangreindan reikning no. 13671.

Eyjólfur Jóhannsson hefur neitað að svara spurningum dómara um nefndar greiðslur.

Nefndur Eyjólfur kveðst hafa stundað nám í Bandaríkjunum frá byrjun árs 1978 til miðs júlí sl. og á þeim tíma haldið sex sinnum til Bandaríkjanna og jafnoft hingað til lands aftur.

Þess utan og í júlí 1978 með stuttu millibili farið tvær skemmti-

ferðir til margra staða í Evrópu, en til hvorugrar ferðar sótt um né fengið erlendan gjaldeyri. Fyrri för hafi staðið ca 10.—24. júlí 1978 og Holberg Másson ásamt margnefndum Eyjólfvi á þeim tíma átt leið um eftirtalda staði í þessari röð: 1) Kaupmannahöfn 2) Lundur 3) Kaupmannahöfn 4) Frankfurt 5) Luxemburg 6) Brüssel 7) Rotterdam 8) Amsterdam 9) Rotterdam 10) London 11) Luxemburg 12) Keflavíkurflugvöllur.

Viku eftir heimkomu, eða 1. ágúst 1978, kvaðst Eyjólfur Jóhannsson og einn hafa haldið í aðra utanför og fram til 3. ágúst komið við á eftirtöldum stöðum: 1) Keflavíkurflugvöllur 2) Glasgow 3) London 4) Rotterdam 5) Amsterdam 6) Rotterdam 7) London 8) Kennedy flugvöllur N. Y.

Samkvæmt framlögðum gögnum í rannsókn þessari lá fyrir, að nefndur Eyjólfur hefði 3. ágúst 1978 við komu til Kennedy flugvallar verið með í sínum fórum US \$ 8.500. Ítarlega þar um spurður taldi Eyjólfur Jóhannsson fjárhæð hafa samsvarað um 7.000 US \$, en verið í hollenskum gyllinum og Eyjólfur persónulega átt það fé. Gæslufanginn Eyjólfur hefur ítrekað hér fyrir dómi neitað að ræða nánar um eða svara spurningum nefnda fjármuni varðandi.

Samkvæmt ákvörðun dómara hélt Þórður Þórðarson, fulltrúi hér við embætti, í gærmorgun utan til Malmö að yfirheyra ofangreindan Holberg Másson, sem þar situr í fangelsi, nýlega í Gautaborg dæmdur í 2½ árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli.

Frá nefndum fulltrúa barst í dag, kl. 1344, fjarritaorðsending, svohljóðandi:

„Yfirheyrsla hafin yfir Holberg Mássyni. Ber Eyjólf Jóhannsson sökum um fíkniefnabrot, cannabis, amfetamín og cocain.“

Samkvæmt lögregluskýrslu, framlagðri í dag, hefur fulltrúi Drug Enforcement Administration, staðsettrar í London, staðfest símleiðis við lögreglu, að Eyjólfur Örn Jóhannsson áður margnefndur hafi 21. mars 1978 verið handtekinn í Bandaríkjunum og þá haft meðferðis 100 st. lyfjatöflur, en þess utan US \$ 8.250.

Nánari gögn um greint tilvik sögð væntanleg innan skamms.

Niðurstöður.

Varðandi síðastnefnda skýrslu liggur fyrir, að þar upp gefið vegabréfsnr. er hið sama og dómari hefur undir höndum í ljósriti, og virðist ekki þar að finna stimplun dagsetta 21. mars 1978. Eyjólfur Jóhannsson hefur hins vegar fyrir dómi dregið til baka neitun þess, að erlend yfirvöld hafi utan 3. ágúst 1978

haft afskipti af hans fjármálum og að hann hafi hlotið refsingu erlendis fyrir meðhöndlun lyfja og/eða fíkniefna.

Hann hefur og viðurkennt handhöfn og notkun tveggja gildra vegabréfa samtímis.

Rannsókn þykir þess utan þegar orðin umfangsmikil, en virðist þó hvergi lokið og eiginlegar samprófanir enn ekki tímabærar.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað fangelsisrefsingu. Þykja samkvæmt því og öðru ofangreindu ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu framlengds gæsluvarðhalds, en hins vegar í þágu þessarar rannsóknar, og enn fremur með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera, að Eyjólfur Jóhannsson sæti enn gæsluvarðaldi, sem hæfilega telst ákveðið allt að 15 dögum, reiknað frá kl. 1550 á morgun, er hinn fyrri úrskurður rennur út.

Úrskurðarorð:

Eyjólfur Örn Jóhannsson, fæddur 26. september 1954, til heimilis að Fálkagötu 3, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðaldi í allt að 15 dögum.

Miðvikudaginn 17. október 1979.

Nr. 57/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkis-saksóknari)

gegn

Guðleifi Sveini Kristjánssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skírlífisbrot. Nauðgun. Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.